

## Starfshópur um stefnumótun

### Stykkishólmsbæjar í málefnum 60 ára og eldri.

7. fundur haldinn í sal Amtsbókasafnsins 6. október 2021

Fundur hófst kl. 17:00.

Á dagskrá var opinn kynningafundur fyrir íbúa Stykkishólms um markmið með skipan starfshóps.

#### **Fundinn sátu:**

Sumarliði Ásgeirsson formaður  
Hanna Jónsdóttir  
Ingveldur Eyþórsdóttir  
Magnús Ingi Bæringsson tómstunda- og æskulýðsfulltrúi  
Um 30 íbúar voru mættir til fundar.

#### **Fundargerð ritaði:** Magnús Ingi Bæringsson

Formaður starfshóps Sumarliði Ásgeirsson kynnir helstu markmið með skipan starfshóps og óskaði svo eftir umræðu og góðu veganesti sem væri líklegt til að leiða starfshópinn á farsæla braut með sínar tillögur.

Mikil og góð umræða varð þar sem fram kom m.a.:

Hvernig verður með dagvistun eftir flutning hjúkunarheimilis? Þarf að tryggja og fjölga rýmum til framtíðar.

Slæmt ástand víða í málaflokknum um landið. Dvalarheimili henta vel. Hraustir einstaklingar fara ekki beint inn á Hjúkunarheimili.

Stefna yfirvalda liggur fyrir og hún er að leggja niður dvalarheimili.

Ekki allir sátu við að verið sé að leggja niður Dvalarheimilið.

Ekki má neyða fólk til að vera lengur heima en það treystir sér til. Sumir viljum komast í félagslegt skjól.

Mikilvægt að núverandi íbúar fái á hreint hvort það verði starfsmaður í húsinu. Þar á bæ er mikil óvissa og umtal um það. Starfshópurinn ekki í stöðu með að gefa þetta svar.

Væri hægt að tengja starfsmann á staðnum við heimahjúkrunina og fjölga í heimahjúkrun til að sinna fólki við Skólastíg?

Skipta upp úrræðum og bjóða upp á þjónustuíbúðir þar sem ákveðin grunnþjónusta tryggð. Heimahjúkrun út í bæ, þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili. Spurning með sambýli þar sem fólk hjálpast að við dagleg störf.

Mikil áhersla lög á samþættingu á þjónustu heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, tómstundir. Óvissa í dag hver á hvaða verkefni? Mörkin ekki nægjanlega skýr.

Er aðili sem kemur heim til aldraðra og fer í búð? Tíminn er afmarkandi þáttur í þjónustunni og hægt að velja t.d. þrif og akstur. Því oft ekki hægt að gera allt innan tímarammans sem er um 2 klst.

Sum sveitarfélög hafa bætt við heimaþjónustu í gegnum heimahjúkrun og félagsþjónustu.

Þarf að slíta í sundur þrif og félagslega heimsókn.

Mætti vera með eina íbúð við skólastíg sem færi undir aðila sem sinnir hússvörslu eða öðru sem fellur til. Þekkest á öðrum stöðum.

Ársel með íbúðir þar sem húsvörður sinnir öllu mögulegu. Í COVID dreifði hann t.d. mat um íbúðir.

Hver á að læsa, slökkva ljósin?

Setja fleiri en eitt kerfi upp búseturéttá-, þjónustuíbúðir og aukna heimaþjónustu.

Sumum nægir minna rými en þeir eru í, það verði skoðað.

Verður ekki dýrar fyrir íbúa að auka þjónustuna?

Upplýsa fólk hvað er framundan upp á Dvalarheimili.

Lögð áhersla á að fjölga þjónustubúðum til framtíðar.

Næsti formlegi fundur starfshóps er fyrirhugaður 4. nóvember og er heimsókn í Hveragerði, Þorlákshöfn og Borganes þar sem starshópurinn ætlar að kynna sér málaflokkinn og aðstöðu.

**Fundi slitið kl. 18:15**